

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

22. september 2020

Fundargerð (11)

Fundur haldinn í salarkynnum ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, þriðjudaginn 22. september, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn gegnum fjarfundabúnað Teams:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 18. september.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 10.** fundar stýrihóps 8. september samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu sem aðgengileg var á Teams á föstudag eins og önnur gögn fyrir fundinn. Í umræðu kom fram að upphafsfundir þóttu hafa tekist vel og ástæða til að halda áfram á sömu braut til að haghafar eigi sem greiðastan aðgang að því sem gerist á vettvangi stýrihópsins.
3. **Tæknihópur.** Bára Hildur fór yfir minnisblað verkefnisstjórnar um tvö mál sem rædd hafa verið í tæknihópi og þarfnast túlkunar og úrlausnar stýrihóps.
 - a. **Rauðir dagar - vægi vinnuskyldustunda.** Ræddar spurningar varðandi túlkun nýs ákvæðis um vægi vinnuskyldustunda á tímum sem greitt er fyrir með 90% álagi og 120% álagi. Eftir umræðu var verkefnisstjórn falið að taka saman ítarlegt minnisblað með greiningu á kostum og göllum þeirra túlkunarleiða sem til álita koma með tilliti til markmiða breytinganna, sem fram koma í fylgiskjali II.
 - b. **Launað leyfi og vægi vinnuskyldustunda.** Fyrir lá tillaga verkefnisstjórnar um að veikindi og veikindi barna taki með sér vægi vinnustunda en aðrar fjarvistir ekki. Samþykkt.
4. **Fræðslumál.** Bára Hildur fór yfir stöðu og áform varðandi fræðslu og vísaði í gögn á Teams um skipulag fræðslunnar fyrir einstaka markhópa og forgangsmálin framundan. Jafnframt gerði hún grein fyrir undirbúningi Starfsmenntar að stuttum teiknimyndum til að nota í kynningum og vísaði í fyrirliggjandi minnisblað um það.
5. **Önnur mál**
 - c. **Fundir með innleiðingarhópum.** Verkefnisstjórn mun eiga fundi með innleiðingarhópnum á næstu dögum og byrja umræðu um samvinnu og samráð.
 - d. **Stjórnun innleiðingar á betri vinnutíma í vaktavinnu.** Uppfært yfirlitsskjal er nú á Teams og verklag við undirbúning funda stýrihóps í samræmi við það.

- e. **Vinnu- og samskiptareglur.** Endanleg útgáfa með leiðarljósin gagnsæi og skilvirkni nú á Teams og ástæða til að rifja þær upp reglubundið.

Fundi slitið kl. 15:20 og næsti fundur ákveðinn sem fjarfundur þriðjudaginn 6. október nk. kl. 14.00, Fundargerð er aðgengileg á Teams.